



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um sérkennslu í grunnskólum

Á fundi borgarráðs 24. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokk fólksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um nýjustu tölur um sérkennslu. Hvað eru mörg börn í sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur? Hvað eru mörg börn á biðlista eftir að komast í sérkennslu og hvernig dreifast umsóknir eftir hverfum?

Svar:

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar heldur ekki utan um tölfræði um sérkennslu, enda er ekki um eiginlegt umsóknarferli að ræða í gegnum tilvísanir eða eyðublöð.

Sérkennsla og form hennar er margbreytilegt og getur til dæmis verið alfarið sinnt af sérkennara inn í bekkjardeild, í minni hóp eða einstaklingslega allt eftir þörfum barnsins. Sérkennsla getur einnig staðið yfir í ákveðinn tíma með hléum. Skil milli sérkennslu og bekkjarkennslu eru ekki alltaf skýr og þannig er áherslan í skólum sem bjóða upp á menntun fyrir alla.

Sérkennsla er veitt í samræmi við námsstöðu barnanna, þá oftast til að styrkja lestrarfærni, lesskilning og hæfni í stærðfræði. Þegar um samþættan vanda er að ræða eða alvarlegan námsvanda er sérkennsla mikilvægur hluti af innihaldi einstaklingsnámskrár sem unnin er af teymi barnsins í skólanum þar sem eiga sæti þau sem þekkja þarfir barnsins gjörlla bæði úr skólanum og skólaþjónustu borgarmiðstöðva auk foreldra.